

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skipun stjórnarnefndar og svæðisstjórna málefna fatlaðra.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er verði 6. mgr., svohljóðandi:

Félagsmálaráðherra er heimilt að leyfa samtökunum að tilnefna sameiginlega þrjá menn sem aðalmenn og þrjá til vara í stjórnarnefnd og svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, ef þau óska eftir því.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 41 23. mars 1983 um málefni fatlaðra og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. október 1987 staðfest deiliskipulagsupphrátt af hafnarsvæðinu á Akranesi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Akraness og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 20. nóvember 1987.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.